



# GRÆNT BÓKHALD

2020



## Efnisinnihald

1.	Yfirlýsing stjórnar . . . . .	3
2.	Staðfesting óháðs endurskoðanda . . . . .	4
3.	Almennar upplýsingar . . . . .	7
4.	Hráefna- og auðlindanotkun - lykiltölur. . . . .	7
	4.1 Helstu hráefni . . . . .	8
	4.2 Umbúðir og pökkun . . . . .	9
	4.3 Sorpflokkun . . . . .	9
	4.4 Eiturefni . . . . .	9
	4.5 Rafmagn, heitt og kalt vatn. . . . .	10
	4.6 Duftsiun og uppgufun leysiefna. . . . .	10
	4.7 Hávaði . . . . .	10

---

## 1. Yfirlýsing stjórnar

---

Árið 2020 var stöðugt í rekstri. Engar breytingar voru gerðar á framleiðsluferli fyrirtækisins. Bilanir á framleiðslubúnaði áttu sér ekki stað á árinu. Það staðfestist hér með að allar upplýsingar í skýrslu þessari um grænt bókhald eru unnar úr gögnum félagsins.

Kópavogur, 19. júlí 2021  
Málning hf.

A handwritten signature in black ink, reading "Valdimar Bergstað". The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Valdimar Bergstað, stjórnarformaður

---

## 2. Staðfestingarskýrsla óháðs endurskoðanda

---

### Málning hf.

Staðfestingarskýrsla sem veitir takmarkaða vissu um grænt bókhald Málningar hf. í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

### Ályktun

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Málningar hf. Byggt á þeim aðgerðum sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað, er ekkert sem komið hefur fram sem bendir til þess að grænt bókhald Málningar hf. sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

### *Markmið og umfang vinnu*

Markmið staðfestingarvinnu okkar felur í sér skoðun á grænu bókhaldi Málningar hf. í þeim tilgangi að gefa niðurstöðuskýrslu sem felur í sér takmarkaða vissu um að grænt bókhald Málningar hf. sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Málningar hf. fyrir árið 2020 og borið það saman við fjárhagsbókhald félagsins.

### Grundvöllur ályktunar

Við höfum framkvæmt skoðun okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 (revised) sem á við um staðfestingarvinnu aðra en endurskoðun og könnun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) eða alþjóðlega könnunarstaðla (ISRE). Markmið staðfestingarvinnunnar er að veita takmarkaða vissu. Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst nánar í kaflanum „Ábyrgð endurskoðanda“ í þessari skýrslu.

Við teljum að þær upplýsingar sem við höfum aflað séu fullnægjandi og viðeigandi sem grundvöllur ályktunar okkar.

### *Óhæði og gæðastýring*

Við erum óháð Málningu hf. í samræmi við viðeigandi íslensk lög og siðareglur endurskoðenda. Við fylgjum alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun, ISQC 1 og viðhöldum í samræmi við það alhliða kerfi gæðaeftirlits, þar með talið skjalfestar stefnur og verklagsreglur varðandi fylgni við siðferðisleg gildi, alþjóðlega staðla og aðrar viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

### *Aðgerðir*

Við höfum beitt faglegu mati og viðhaldið faglegri tortryggni í gegnum skoðunina í samræmi við ISAE 3000 (revised), siðareglur og óhæðisreglur.

Skoðanir okkar samanstóðu m.a. af eftirfarandi:

- Að bera kennsl á og meta áhættuna á verulegum rangfærslum á grænu bókhaldi Málningar hf. fyrir árið 2020 hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, að hanna og framkvæma staðfestingarvinnu sem nær yfir skilgreinda áhættu og afla staðfestingargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja ályktun okkar á. Meiri hættu er á að verulegar skekkjur vegna sviksemi uppgötvist ekki heldur en skekkjur vegna mistaka þar sem sviksemin er hönnuð til þess að komast ekki upp, m.a. með ólögum samráði, fölsunum, vísitandi gáleysi, rangfærslum eða sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.
- Að öðlast skilning á því innra eftirliti sem skiptir máli fyrir staðfestingarvinnuna til að hanna aðgerðir sem eru viðeigandi miðað við aðstæður, en ekki í þeim tilgangi að láta í ljós álit á virkni innra eftirlits félagsins.

### **Önnur atriði**

Staðfestingarvinna okkar felur ekki í sér vissu um aðrar upplýsingar í skýrslu Málningar hf. um grænt bókhald fyrir árið 2020 en þær sem að ofan greinir. Ályktun okkar nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

## Ábyrgð stjórnar

Stjórn Málningar hf. ber ábyrgð á að framsetning græns bókhalds Málningar hf. sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins og einnig skilgreiningu fyrirhugaðra notenda og viðeigandi viðmiða sem liggja til grundvallar. Ennfremur ber stjórn ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar framsetningu á grænu bókhaldi Málningar hf. þannig að grænt bókhald Málningar hf. sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar snýr að því að skipuleggja og framkvæma staðfestingarvinnu þannig að nægjanleg víska fáist um að grænt bókhald Málningar hf. sé án verulegra annmarka til að byggja ályktun okkar á.

Ályktun okkar miðar að því að veita takmarkaða vísu. Aðgerðirnar sem framkvæmdar voru í þessu samhengi fólust fyrst og fremst í fyrirspurnum til stjórnenda og starfsmanna félagsins og mati á áreiðanleika upplýsinga sem liggja til grundvallar grænu bókhaldi Málningar hf. Takmörkuð víska veitir ekki eins mikla vísu og fæst af staðfestingarverkefnum þar sem hæfilegrar vísu er aflað.

Skekkjur geta ýmist verið vegna mistaka eða sviksemi. Þær þykja verulegar ef þær eru taldar hafa áhrif á ákvarðanatöku notenda skýrslunnar, bæði að hluta og í heild, byggt á grænu bókhaldi Málningar hf. Mikilvægismörk hafa áhrif á eðli, tímasetningu og umfang staðfestingarvinnunnar og mat á áhrifum óleiðréttra mismuna á ályktun okkar.

Reykjavík, 19. júlí 2021

PricewaterhouseCoopers ehf.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Kristinn F. Kristinsson', written over a horizontal line.

Kristinn F. Kristinsson, löggiltur endurskoðandi

---

## 3. Almennar upplýsingar

---

- Nafn fyrirtækisins er Málning hf. og kennitala þess er 450269-4849.
- Aðsetur þess er á Dalvegi 18, 201 Kópavogi.
- Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Baldvin Valdimarsson.
- Ábyrgðarmaður skýrslunnar er Gísli Guðmundsson efnaverkfræðingur.
- Í stjórn fyrirtækisins sitja Valdimar Bergstað stjórnarformaður, Halldóra Baldvinsdóttir og Hjörtur Bergstað.
- Fyrirtækið er í flokki 4.8 skv. fylgiskjali með reglugerð um grænt bókhald.
- Málning hf. er með starfsleyfi sem gildir til 20.06.2032.
- Útgefandi starfsleyfis er Umhverfisstofnun og eftirlitsaðili er Umhverfisstofnun.
- Tímabil græns bókhalds er frá 01.01.2020 til 31.12.2020.

---

## 4. Hráefna- og auðlindanotkun – lykiltölur

---

Málning hf. hefur yfir um 260 hráefnum að ráða til málningarframleiðslu sinnar. Af þessum fjölda flokkast um 90 hráefni sem merkingarskyld, ef magn þeirra fer yfir ákv. viðmiðunarmörk skv. reglugerð nr. 236/1990 og nr. 921/2000 ásamt síðari breytingum. Við hjá Málningu hf. höfum farið þá leið að notast við hefðbundna flokkun efna til málningarframleiðslu og gefum síðan upp magn þriggja stærstu hráefnanna í hverjum flokki. Þessir flokkar eru bindiefni vatnspynnaleg, bindiefni leysiefnaspynnaleg, fylliefni, litarefni, upplausnarefni og hjálparefni. Allt frá fyrstu tíð græns bókhalds hafa þessar tölur verið gefnar upp sem hlutfallstölur m.v. magn 2003 sem grunnár. Þar sem Málning hf. er eini framleiðandinn að málningu á Íslandi og þar með eina slíka fyrirtækið sem þarf að sækja um starfsleyfi fyrir starfsemi sína var ákveðið að gefa upp rauntölur frá og með árinu 2015.

## 4.1 Helstu hráefni

	2017	2018	2019	2020
<b>Bindiefni vatnsþynnanleg</b>				
- Orgal P 056 V	101.402 kg	103.873 kg	78.168 kg	89.881 kg
- Orgal P 036 V	98.360 kg	99.717 kg	96.001 kg	109.463 kg
- Orgal P 838 W	82.710 kg	93.545 kg	108.512 kg	144.746 kg
<b>Bindiefni leysiefnaþynnanlegt</b>				
- Noralkyd S61-60W	68.456 kg	57.924 kg	73.035 kg	80.226 kg
- Noralkyd T83-100	24.049 kg	20.218 kg	28.975 kg	29.986 kg
- Noralkyd TX 57-55H	29.437 kg	24.518 kg	26.143 kg	33.245 kg
<b>Fylliefni</b>				
- Microdol 1	152.640 kg	159.116 kg	150.387 kg	180.975 kg
- Micro Talc AT1	58.081 kg	53.777 kg	53.708 kg	63.582 kg
- Calsimatt	24.057 kg	17.555 kg	12.867 kg	11.721 kg
<b>Litarefni</b>				
- Titanhvíta	222.601 kg	225.101 kg	216.765 kg	248.007 kg
- Zinkfosfat	2.445 kg	2.086 kg	1.905 kg	3.125 kg
- Oxydsort 318M	710 kg	766 kg	836 kg	996 kg
<b>Upplausnarefni</b>				
- Mineral terpentína	174.189 kg	153.832 kg	164.055 kg	175.431 kg
- Xylen	52.544 kg	54.662 kg	45.643 kg	42.434 kg
- Etanól	12.276 kg	10.337 kg	11.120 kg	20.573 kg
<b>Hjálparefni</b>				
- Acrysol TT 935	6.483 kg	3.986 kg	2.769 kg	3.148 kg
- Aquaflow NHS 300	749 kg	4.549 kg	4.762 kg	5.862 kg
- FOAMSTAR ED 2523	1.923 kg	2.444 kg	2.611 kg	3.237 kg



## 4.2 Umbúðir og pökkun

	2017	2018	2019	2020
Pökkunarplast	2 tonn	1,5 tonn	1,5 tonn	1,5 tonn
Allar umbúðir	840.941 stk.	847.937 stk.	897.140 stk.	1.074.957 stk.

## 4.3 Sorpflokkun

	2017	2018	2019	2020
Blandaður úrgangur	13.740 kg	24.210 kg	23.150 kg	22.989 kg
Grófur úrgangur	7.140 kg	89.300 kg	32.382 kg	40.237 kg
Timbur	6.380 kg	36.074 kg	34.464 kg	24.030 kg
Málmar	22.640 kg	24.130 kg	25.950 kg	22.720 kg
Spilliefni og skol	34.713 kg	25.919 kg	27.153 kg	19.100 kg
Vatnsþynnt málning	14.856 kg	18.349 kg	31.198 kg	17.117 kg
Leysiefnaþynnt málning	24.839 kg	14.147 kg	15.551 kg	10.059 kg
Endurvinnsla á leysiefnum	9.000 kg	12.000 kg	8.000 kg	6.000 kg
Endurvinnsla á bylgjupappa	6.250 kg	5.070 kg	14.200 kg	12.940 kg
Uppdæling úr brunnum	8.440 kg	18.140 kg	11.920 kg	22.855 kg

## 4.4 Eiturefni

Málning hf. kappkostar að nota hráefni sem hvorki hafa skaðleg áhrif á notandann né á umhverfið. Þess ber að geta að Málning hf. fékk allnokkrar vörur Svansvottaðar á árinu 2018. Enn er samt einn syndaselur á hráefnalista okkar. Þar er á ferðinni Metylen Klóríð sem notast í málningaruppleysi. Notkun efnisins var bönnuð í desember 2011 og því engin notkun árið 2012. Í apríl 2013 fékk Málning hf. undanþágu til notkunar á efninu til 1. maí 2018. Enn var sótt um undanþágu á sömu forsendum og áður. Leyfi var veitt frá Umhverfisstofnun UST201804-282/Í.S.B. Leyfið gildir til 1. júní 2023.

	2017	2018	2019	2020
Metylen Klóríð	3.610 kg	930 kg	1.653 kg	930 kg

## 4.5 Rafmagn, heitt og kalt vatn

	2017	2018	2019	2020
Rafmagn	561.347 kWh	541.657 kWh	512.518 kWh	540.269 kWh
Heitt vatn	24.847 m <sup>3</sup>	26.749 m <sup>3</sup>	21.898 m <sup>3</sup>	22.295 m <sup>3</sup>
Kalt vatn (heildarmagn)	3.041 m <sup>3</sup>	3.851 m <sup>3</sup>	3.440 m <sup>3</sup>	3.539 m <sup>3</sup>

## 4.6 Duftsíun og uppgufun leysiefna

	2017	2018	2019	2020
Magn dufts sem verður eftir í síubúnaði	183 kg	345 kg	560 kg	385 kg
Magn leysiefna sem gufa upp við framleiðslu	3.450 kg	3.420 kg	3.020 kg	3.000 kg

## 4.7 Hávaði

Hávaði er í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð 724/2008 um hávaða. Verkfræðistofan EFLA lagði mat á hljóðstig nærumhverfis fyrirtækisins í nóvember 2015. Þar mælist hljóðstig undir mörkum reglugerðarinnar. Næstu hljóðmælingu skal framkvæma fyrir árslok 2025.